

26. október 2017.



Kæru foreldrar

Undanfarin ár hafa orðið töluverðar breytingar á því hvernig lestur er metinn og hvernig niðurstöðunum er skilað til ykkar. Við sem störfum í Álfþanesskóla viljum að lestrarniðurstöður séu skýrar og hægt sé að sjá hvernig nemendur standa, hvort sem litið er til viðmiða eða eigin færni, þ.e. hvernig nemandanum miðar í lestrinum.

Við mat á lesfimi (orð á mínútu) verða frá og með þessu hausti einungis notuð ný próf frá Menntamálastofnun en þau eru stöðluð. Viðmiðin sem tóku gildi núna í haust eru einnig frá Menntamálastofnun, þau eru gefin upp í orðum á mínútu og má sjá þau í eftirfarandi töflu:

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Viðmiðin eru þrískipt og prósentutölurnar sem eru fyrir ofan dálkana þýða í raun að Menntamálaráðuneytið stefni að því að 90% nemenda nái því sem þeir skilgreina sem lágmarksfærni, 50% nemenda nái miðjuviðmiðnum og að 25% nemenda nái framúrskarandi hæfni.

Afar mikilvægt er að muna að þessi viðmið gilda fyrir lok skólaársins, þ.e. vorprófun. Ekki síður mikilvægt er að muna að persónulegar framfarir nemanda skipta mestu máli.

Skil á niðurstöðum lestrarmats í Álfþanesskóla veturinn 2017 – 2018.

Í takt við breyttar áherslur í mati skólans hafa skil á lestrarniðurstöðum einnig breyst.

Lesfimi: Niðurstöður allra árganga eru settar inn á Mentor og sýndar sem hæfnikvarði og einnig lesin orð á mínútu.

Hæfnikvarðinn er fjögurra laga og er eftirfarandi:

- Þeir sem eru undir 90% viðmiðum fá **þarfnast þjálfunar**
- Þeir sem ná 90% viðmiðum og allt að 50% viðmiðum fá **á góðri leið**
- Þeir sem ná 50% viðmiðum og allt að 25% viðmiðum fá **hæfni náð**
- Þeir sem ná 25% viðmiðum eða meira fá **framúrskarandi**

Það sem birtist ykkur er táknið fyrir hæfnikvarðann og athugasemd þar sem lesin orð á mínútu eru uppgefin.

Hér að neðan er dæmi um hvernig þetta birtist hjá profunemandanum okkar. Auðvitað myndi þetta ekki líta svona út venjulega því aðeins er prófað þrisvar, en þarna sést hvernig táknið líta út og hvernig hægt er að sjá fyrri próf og niðurstöður þeirra. Ef smellt er á fyrra próf birtist niðurstaðan úr því, þ.e. lesin orð á mínútu og þannig má í vor sjá ferilinn eftir veturinn. Efst til vinstri eru alltaf gefin upp miðjuviðmið Menntamálastofnunar sem við göngum út frá.

Viðmið

geti lesið 140 orð á mínútu að vori í 5. bekk

Framúrskarandi

3.10.2017
Hanna Mjöll
Káradóttir

FRAMFARIR

Þarfnast þjálfunar → Á góðri leið → Hæfni náð → Framúrskarandi

3.10.2017 3.10.2017 3.10.2017 3.10.2017

ATHUGASEMDIR

Hanna Mjöll Káradóttir | Þann 3. október 2017 klukkan 10:16

Las 160 orð á mínútu.

SÝNISHORN

Engin sýnishorn

Orðarún: Lesskilningsskimunin Orðarún er lögð fyrir nemendur í 3.–8. bekk einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Nemendur lesa tvo texta í hljóði og svara 10 spurningum fyrir hvorn þeirra. Niðurstaðan í Orðarún er því hlutfall réttra svara af 20 og birtist hún einnig í Mentor.

Ég hvet ykkur eindregið til að skoða lestrarmat barna ykkar vel með þeim og ræða við umsjónarkennara eða sérkennara árgangsins ef þurfa þykir.

Auður Björgvinsdóttir

Sérkennari og verkefnastjóri í læsi v. Álftanesskóla.